


Athugasemdir við annan áfanga rammaáætlunar

Á 10. áratug síðustu aldar var hugmynd Náttúruverndaráðs að rammaáætlun um náttúruvernd og nýtingu hugsuð sem aðferðafræði til að meta gæði íslenskrar náttúru svo unnt væri að vernda það sem mikilvægt væri áður en önnur nýting svo sem virkjanakostir væru valdir. Þessari hugmynd Náttúruverndarráðs var hent og við tók rammaáætlun iðnaðarráðuneytis til að meta virkjanakosti. Hún var virkjanaáætlun og allt annað er varðaði náttúrgæði og auðlindir var aukaatriði.




Virkjanir og víðerni áður en rammaáætlun var mótuð. Verndarsvæði 2011. Kort © rumsk.ru.is

Í öðrum áfanga breyttust áherslur nokkuð til batnaðar. Ákveðið var að leggja meiri áherslu á náttúrugæði og náttúruvernd en áður. Virkjanir eru samt meginþema ennþá og sú er höfuðástæða þess að vinna við rammaáætlun er réttlætt enda hefur *lobbyismi* orkufyrirtækja gegnum árin skilað þeim þungavigtaráherslum inn á Alþingi og stjórnarráð Íslands svo allt lagaumhverfið er mengað sérhagsmunum þessara fyrirtækja og stórverktaka. Þessi óeðlilega áhersla ber með sér feigð fyrir náttúrugæði Íslands vegna virkjanaákafa í anda Kárahnjúkavirkjunar – mesta skemmdarverki sem unnið hefur verið á íslenskrri náttúru og íslensku þjóðlífi – til þessa.

Virkjanakostir eiga að vera afgangsstærð og þeir væru það ef aðferðarfræði rammaáætlunar væri þroskuð og samfélagslega heilbrigð. Við erum að feta fyrstu sporin við að meta land, landslag, jarðminjar og öll þau undursamlegu gæði sem felast í villtri náttúru þess eina lands sem er rekhyggur ofansjávar vegna heits reits sem er undir landinu. Við erum svo skammt komin að ennþá eigum við fullt í fangi með að koma orðum og hugsun að því undri sem íslensk náttúra er. Þegar þessi veruleiki blasir við eru orkukostir nýtingarflokks í öðrum áfanga rammaáætlunar gerræðislegir svo vægt sé til orða tekið. Verulegar upplýsingar skortir,

aðferðafræðin er ákaflega broguð og jafnvel ónýt þegar litið er til samfélagslegra og hagrænna þátta; úttektir standast ekki lágmarkskröfur um sjálfbærni. Og að ætla sér að velja af skynsemi og visku orkukosti til framtíðar með aðferð sem er sumpart í lagi og að sumu leyti ónýt –er einfaldlega ónýt aðferð, ekki boðleg.



Virðjanir og víðerni efr að rammaáætlun var mótuð. Kárahnjúkasvæðið fékk næst hæsta verndargildi en iðnaðarráðherra þagði yfir niðurstöðunni þegar umræður fóru fram á Alþingi. Verndarsvæði 2011. Kort © rumsk.ru.is

Þegar litið er til þeirra ógnvænlegu stöðu sem „nýtingarflokkur“ býður upp á, má hverjum læsum manni vera ljóst að heildarumhverfisáhrif nýtingarflokksins, náttúruvafarsleg og samfélagsleg, hafa ekki verið könnuð – ekki einu sinni litið á tvo virkjanakosti samtímis. Hvaða áhrif hefur það að rústa víðernum, smætta heildir og hálendisgæði Íslands í bletti? Hver gætu heildaráhrifin orðið á náttúru, þjóðarhag, samfélag framtíðar, nýsköpun atvinnutækifæra, háskólasamfélag, ferðalög Íslendinga innanlands, útivist, menningu, velferð, lífsgæði og efnahag landsins – ef nýtingarflokkurinn yrði að veruleika? Hvað má áætla að heildræn umhverfisáhrif af virkjanakostum rammaáætlunar verði?

Bíðum við. Hafa lög um umhverfisáhrif áætlana ekki nýst í þessari úttekt? En lög um náttúruvernd og friðlýsts svæði eða splunkuný lög um Vatnajökulsþjóðgarð? Hvað með alþjóðasamninga sem við höfum undirritað, eru þeir virtir sem skyldi – til dæmis er varðar sjálfbærni, líffræðilegan fjölbreytileika út frá samfélagslegum forsendum? Engin virkjun sem hefur verið valin í nýtingarflokk er sjálfbær. Og hvar í rammaáætlun kemur fram ábyrgð okkar á því fágæta landi, jarðminjum og lífbreytni sem felst í þeirri sérstöðu að við búum á úthafshrygg, rekhrygg ofansjárvar?


Er okkur Íslendingum fyrirmunað að vinna vel, vanda til verka þegar náttúruauðæfi eru annars vegar? Er til of mikils mælst að krefjast vandaðra vinnubragða þegar svo mikið er í húfi - þegar við höfum nýverið skolið á hvínandi kúpuna vegna græðgi, hamagangs og offors í framkvæmdum, meðal annars í virkjunum. Við erum að byrja að fóta okkur í vandasömu og

flóknu verki og erum strax komin með úrslitakosti – tugi nýtingarkosta sem gætu orðið endanleg niðurstaða um alla framtíð. Var rammaáætlun áformuð í pólitískum tilgangi til að þröngva afarkostum upp á samfélagið? Ég held ekki.

Nýtingarflokkur rammaáætlunar er uppskrift að heljarmistöfum og forkastanlegum vinnubrögðum sem aðeins þjónar hagsmunum iðnaðar og stórverktaka. Hvers vegna þarf að keyra rammaáætlun áfram á álíka hraða og Kárahnjúkavirkjun? Heildarniðurstaðan ber með sér ofbeldi sem stjórnmalámennt og orkugeirinn hafa stundað í áratugi. Að því leyti hefur fátt breyst nema að offorsið er ennþá ekki eins áberandi og fyrir hrun. Þetta **var ekki** ætlunin.

Miðað við virkjanakosti í nýtingarflokki er rammaáætlun ógn við villta náttúru Íslands, niðja þessa lands og uppskrift að hrúni íslensks samfélags. Hún er unnin í tímahraki og af miklum vanefnum einkum er varðar upplýsingar og mannafla þótt ýmislegt hafi vissulega verið fært til betri vegar eins og að setja Þjórsárver í verndarflokk svo og Kerlingarfjöll, Torfajökulsöræfi og Gjástykki. Eftir stendur að nýtingarflokkurinn sýnir í hnotskurn hvað og hver ræður för. Þar er ábyrgð iðnaðarráðuneytis, Landsvirkjunar og Orkustofnunar mikil – og þá ekki síst með þeirri þumalskrúfu, ef ekki svikamyllu, að niðurstaðan sé þingsályktunartillaga.

Veruleikinn hljómar stundum sérkennilega. Landsvirkjun ætlar aðeins að virkja í samráði við stjórnvöld og í ásættanlegum friði við almenning í landinu eftir því sem nýir talsmenn Landsvirkjunar segja – en áformin hljóma upp á 11 TWS á næstu 15 árum! Það ber annaðhvort vott um dómgreindarleysi eða algjört tillitsleysi gagnvart auðlindum Íslands, hagsæld og samfélagsvitund.



Framtíðarsýn rammaáætlunar? Var þetta ætlunin með aðferðafærði til að meta verndargildi óvenjulegustu jarðminja á Jörðu? Kort © rumsk.ru.is

Annar áfangi rammaáætlunar hefur verið í vinnslu frá september 2007 eða rétt fjögur ár. Varla er ofsagt að fjögur ár séu þröngur tímarammi til að veða og meta af þekkingu og yfirvegun tugi orkukosta sem íslensk náttúra getur boðið upp á.

Niðurstaða annars áfanga er ekki alvond en virkjanir sem fá grænt ljós sýna glögglega að ekki hefur átt að vanda til verks í hvívetna. Betur hefði verið að hraða sér hægar og taka fjóra kosti í stað fjörutíu og 7 kosti í stað 70 – þá hefði vinnan getað verið vönduð á flestum sviðum. Verulega vantar upp á fræðilegar úttektir og faglegt mat einkanlega á félagslegum og efnahagslegum áhrifum er til vansa og nefna má að upplýsingamiðlun orkufyrirtækja hefur iðulega verið þokukennð ef ekki skrök. Eðlilegt hefði verið eftir að ágæt rannsóknaskýrsla Alþingis um hrúnið var birt að önnur úttekt hefði farið fram á vinnubrögðum orkufyrirtækja landsins vegna misnotkunar á almannafé, slægra sölusamninga og vafasamra vinnubragða. Hafa skal í huga að engin starfsemi í landinu hefur verið studd jafn dyggilega með fjármunum almennings og frjálsræði í náttúruspjöllum og þau.

Þrátt fyrir allt sem á undan er sagt hefur rammaáætlun möguleika til að verða mikilvæg aðferðafræði en til þess þarf mun lengri meðgöngutíma fyrir alla hópa og vandaðri vinnubrögð í flestum hópum. Langtíma matsferli er nauðsynlegt vegna þess að við höfum ekki ennþá unnið heimavinnuna okkar í úttekt á íslenskri náttúru en til þessa hefur mest öll úttektin verið unnin í skugga virkjana, hamagangs og tímaskorts.

Augljóst er að jafnvel fagvinnan sem best er unnin verður endurmetin reglulega vegna þess að við erum sífellt að endurmeta landið. Nú síðast erum við ekki aðeins að endurmeta gæði hálendisins á svæðum eins og í Þjórsárverum, Kerlingarfjöllum og Torfajökulsöræfum heldur höfum við uppgötvað okkur til mikils hnjóðs að við höfum glatað mest öllu víðerni, óbyggðunum, á hálendi Íslands í þjósnagangi og agaleysi og með öðrum áfanga rammaáætlunar er áformað að gera vont miklu verra.

Yfirgangur er vont veganesti til sátta en hann einkennir niðurstöðu rammaáætlunar; ella væru virkjanakostir margfalt færri; ella væri meira látið í friði; ella væru „virkjanakostir“ settir í biðflokk að stærstum hluta ef ekki algjörlega. Virkjanakostir rammaáætlunar bera með sér að við höfum lítið lært af hrúni og offorsi í samskiptum okkar við náttúru landsins. Eitt vanmetið dæmi er ágæti víðerna, hin ómanngerða náttúra sem er fágæti víðast hvar um heim. Aðeins þrír virkjanakostir sem fljúga í gegnum rammaáætlun myndu spilla hundruðum ferkílómetra víðerna á Sprengisandi og hálendi Vestfjarða. Galið? Ef til vill má nota það orð yfir aðferðafræði sem ekki hefur þroskast í að vera boðleg.

Í landinu eru lög um umhverfisáhrif framkvæmda og umhverfismat áætlana. Rammaáætlun **hlýtur** að falla undir umhverfismat áætlana. Hvar er sú vinna? Hér gagna ekki örstuttar samantektir um hugsanleg, möguleg áhrif. Hvar eru umhverfisskýrslurnar? Og hvar er umhverfisskýrslan sem segir til um heildaráhrif virkjana í nýtingarflokki? Hér er ekki hægt að skýla sér á bak við óvissu. Hér er engin tilraun gerð til að veða og meta heildaráhrif enda eru þau væntanlega svo geigvænleg að nýtingarkostir myndu hrynja úr flokknum. Í hvaða farvegi er rammaáætlun sem sniðgengur lög?

Leikurinn er ójafn. Náttúruvernd og mannvernd er sniðgengin og dæmt annars flokks í skipulagslögum. Verði virkjanakostur samþykktur í rammaáætlun er sveitafélagi **skylt** að veita hverjum sem vill virkja leyfi uppfylli hann viss skilyrði. Að þessu leyti eru skipulagslög forkastanleg en ekki sist með svo örlagaríka ákvörðun er ábyrgð verkefnastjórnar rammaáætlunar þeim mun meiri. **Henni er líka skylt** að koma með fullgilda umhverfisskýrslu áætlana í einstökum tilfellum og heildaráhrif þeirra. Varla eru þetta leiðir til sátta, eða hvað?

Skrokköldu- og Hágönguvirkjun (26 og 91)

Skrokkölduvirkjun og **Hágönguvirkjun** á miðhálandi Íslands eru dæmi um virkjanir sem myndu eyða gríðarlega stórum og dýrmætum víðernum vestan Vatnajökuls og skiptir engu hvort þær eru einar og sér eða báðar saman, en Hágönguvirkjun myndi þó spilla ennþá meiri víðernum fyrst í stað. Sennilega er ekki unnt að eyðileggja meiri víðerni með neinni annarri virkjun, nema þá Skrokkölduvirkjun með framhaldstengingu til norðurs. Hágönguvirkjun sem er rangnefni og ætti að heita Sveðjuhraunsvirkjun myndi eyðileggja endanlega allt svæðið austan Hágangna og þótt Hágöngulón verði seint prýði, einkanlega þegar höfð er í huga förn Fögruhvera, víðerna og gróðurs á Köldukvíslareyrum, þá stingur það ekki eins í augu og gufuaflsvirkjun í Sveðjuhrauni.


Tekið skal undir þá ákvörðun stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs að halda vélknúnum farartækjum utan Vonarskarðs en er þá réttlætanlegt að eyðileggja óbyggðirnar með gufuaflsvirkjun og háspennulínu við Hágöngulón? Hvergi er þess getið hvert fleyta á 300°C heitu og hættulegu affalli virkjunarinnar sem er og vonlegt því engin ásættanleg lausn er ennþá fundin á þeim mikla vanda. Ef til vill er það eitthvað sem á bara að „reddast“ en benda má á að Hágöngusvæðið er ekki aðeins á rekásnum heldur og á einu virkasta eldsumbrotabelti Jarðar í nánasta umhverfi heita reitsins undir Íslandi. Aðeins fífdirfska hvetur menn til að virkja á slíku svæði þar sem jarðlög eru að auki gljúp og sorinn af jarðhitaaffallinu á greiða leið um gljúp jarðlög til grunnvatns. Hágönguvirkjun yrði fyrst og fremst tákni um ofbeldi í óbyggðum og tilræði við alla skynsemi.

Skrokkölduvirkjun með miðlun úr Háslóni lætur lítið yfir sér en þetta er lítil virkjun eða álíka og Hágönguvirkjun um 30MW og skiptir heldur engu máli í orkubúskap landsins. En það skiptir máli fyrir orkufyrirtækin að farga víðernum með því að leggja háspennulínu suður um alla Sprengisandshásléttuna til Vatnsfells – **það þýða 60 km af háspennumöstrum og línunum yfir Sprengisand** og verulega landvinninga fyrir línulagnir.

Væri ekki virkjað við Skrokköldu þyrfti þessa línu fyrir Sveðjuhraunsvirkjun (Hágönguvirkjun). Af þessum og öðrum ofangreindum ástæðum er hvorug virkjunin boðleg íslensku samfélagi á 21. öld. Aðeins er boðlegt og eðlilegt að Landsvirkjun loki tilraunaholum sínum við Hágöngulón endanlega og lagi það sem hún hefur raskað.

Komi til þessara afleitu virkjunarkosta verður Hágöngusvæðinu endanlega spillt og Sprengisandsvíðáttan eyðilögð og þá yrði næst heimtuð háspennulína til Norðurlands. Við það myndu ekki einvörðungu mikil víðerni hverfa til viðbótar, heldur væri þar með búið að skipta miðhálandi Íslands í austur og vestur með línulögnum sem lengi hafa verið á teikniborðinu.

Hér verður ekki komist að annarri niðurstöðu að það sé afar óeðlilegt að hagsmunir orkufyrirtækis í eigu þjóðarinnar séu teknir fram yfir þjóðarhagsmuni til langs tíma og því ber að taka Skrokköldu og Hágöngur úr nýtingarflokki í verndarflokk.



Glámuöræfi, hálendi Vestfjarða. Óspillt víðerni, göngulandi í náinni framtíð.

Hálendi Vestfjarða – Gláma (2) og Hvalá (4)

Glámuvirkjun (2) og virkjun Hvalár í Ófeigsfirði (4) með miðlun ofan af hálendi Vestfjarða eru litlar virkjanir. Hvalá með miðlun er áætluð 37MW og Glámuvirkjun 67MW með því að teyma átta (8) vötn um hálendi Vestfjarða og þar með draga úr vatni til Dynjandisár og Dynjandisfossa, friðlýsta náttúruperlu Vestfjarða (1981). Í lýsingu rammaáætlunar segir ekkert um neikvæð áhrif Hvalárvirkjunar með miðlun eða án en eftirfarandi er niðustaða verkefnisstjórnar um Glámuvirkjun:

Neikvæð umhverfisáhrif Glámuvirkjunar felast væntanlega fyrst og fremst í minnkun rennslis í Dynjandisá til Arnarfjarðar svo og í ám á Barðaströnd og í Ísafjarðardjúpi, sem nýttar verða í fyrirhugaðri Glámuvirkjun.

Hér verður varla hrósað fyrir ítarlega og vandaða úttekt eða upplýsingagjöf. Texti um Glámuvirkjun er hálf blaðsíða og honum fylgir skrá um tölur, tvö kort auk viðauka um einkennisstærðir. Texti Hvalárvirkjunar er rúmlega hálf blaðsíða en henni fylgir skrá um tölur og nokkur kort. Varla er boðlegt að hafa svo takmarkaðar upplýsingar um afdrifaríkar framkvæmdir. Umhverfisskýrslu áætlana vantar og svo virðist sem enginn hafi lagt huga að neikvæðum áhrifum Hvalárvirkjunar og verður vart trúað.

Glámuvirkjun er ákaflega neikvæð framkvæmd. Hún umturnar Glámuöræfum eða hálendi Vestfjarða og manngerir það fyrir eina smávirksjun (67MW). Mikilvægum víðernum er fórnað, vötn eru trufluð, rennslí straumvatna raskað. Vestfirðingar hafa stólað æ meira á ferðaþjónustu og hefur farið vel á því. Reikna má með því að öræfi Glámu og allt hálendi á Vestfjörðum verði eftirsótt göngusvæði innan fárra ára ef Glámuvirkjun og Hvalárvirkjun verða settar í verndarflokk og orkuöryggi á Vestfjörðum leyst með öðrum hætti – til dæmis með vindorku. Næg er hún á Vestfjörðum. Fleiri kostir eru í boði.

Hvalá hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem um Strandir ferðast. Virkjun í Hvalá myndi spilla víðernum og umhverfi með háspennumöstrum. Óþekkt eru líffræðileg áhrif. Rannsóknir skortir. Ekki er að sjá á þeim gögnum sem í boði eru að unnið hafi verið umhverfismat áætlana né náttúrufarslegar úttektir eins og venja er.

Hér er eindregið lagt til að báðir kostirnir verði settir í verndarflokk.



Hvalá í Ófeigsfirði. Mikið náttúrudjásn. ©gpó



Hvalá í Ófeigsfirði ©gpó

Rekhryggurinn, hálendi Íslands og jaðarsvæði



©Guðmundur Páll Ólafsson
Múlajökull, Hjartafell, Þjórsárverum

Íslenska þjóðin og helstu útverðir hennar í verndarmálum (náttúruverndarsamtök um allt land) hafa enn ekki haft svigrúm til að móta sameiginlega stefnu í verndarmálum. Rammaáætlun átti að nýtast við stefnumörkun og sáttargerð. Hún er ennþá stefnumörkun stjórnvalda – ekki almennings á Íslandi og ef ekki verður hlustað á sameiginlega umsögn náttúruverndarsamtaka er eins víst að rammaáætlun strandar. Sannarlega vona ég að svo verði ekki en eitt meginmarkmið samtakanna, og vonandi stjórnvalda og þings í framtíðinni, verður að vernda miðhálendi Íslands og allan rekhrygginn frá Reykjanestá til Melrakkaslétta; þar með vatnafar Íslands og allar helstu jarðminjar landsins.

Því er miður að þeir virkjanakostir nýtingarflokks og biðflokks sem hér er boðið upp benda ekki til mikils metnaðar á því sviði. Þeir uppfylla ekki kröfur um sjálfbærni eða um að nýta gæði íslenskrar náttúru á farsælan og hagsælan hátt. Í öllum tilfellum vantar umhverfismat áætlana fyrir hverja og eina framkvæmd. Á vantar umhverfismat áætlana á nýtingarflokknum sem heild.

Virkjanir í jökulám hafa afgerandi áhrif á fiskgengd í ám og árlegar rennslissveiflur sem eru í takti við náttúrufar ána og lífríki í strandsjó þar sem vatn verður lagskipt og þörungar dafna í efsta lagi sjávar og fjölga sér. Allt hangir það saman við hrygningu þorsks sem á sér stað fyrir framan ósa allra jökulvatna landsins, hvorki meira né minna. Gögn Hafrannsóknastofnunar sýna þetta. Mun fleiri tegundir nytjafiska nýta sér þessi ósasvæði og hvað mest fyrir framan ósa Þjórsár og Hvítár og í Þjórsá er einn stærsti villti laxastofn á Íslandi. Hvergi er mikilvægara að fara að gát og hvergi er meiri skortur á upplýstri umræðu heldur en einmitt í þessum efnunum. Eitt sinn var fullyrt að eitt tonn af áli jafngilti einu tonni af þorski í þjóðarbúið. Fátt er fjær sanni. En hvernig hefur tekist að meta eyðileggingu af völdum virkjana á fiskgengd í ám og hrygningu nytjafiska og hafa hana til viðmiðunar? Vantar kannski veigamiklar upplýsingar um stórmál? Þetta á ekki aðeins við um Þjórsá heldur um

allar jökulár sem eru í biðflokki og nýtingarflokki. Skjálfandafljót! Djúpa, Hverfisfljót, Hvítá, Skaftá!

Hér er lagt til að allar jökulár sem lent hafa í nýtingarflokki verði settar í verndarflokk uns fullnægjandi gögn um skaðsemi liggja fyrir – og hún afsönnuð.




©Guðmundur Páll Ólafsson

Þjórsá. Hver er galdur aurugra fljóta umfram bergvatnsár?



Skjálfandafljót og Aldeyjarfoss. Eitt tilkomumesta fossstæði á landinu. ©gpó

Um alla Jörðu hafa vatnsföll verið hamin og virkjuð. Aðeins eitt stórflyót í austanverðri Asíu er óbeislað. Það er á heimslista UNESCO en í því eru nú fyrirhugaðar þrjár risastíflur og ein þeirra á að vera stærri en Þriggjagljúfrastíflan í Jangztefljóti í Kína. Þarna ráða herforingjar í Myanmar og stjórnvöld í Kína og hundsa vilja fólks. Um alla Jörð blasa við ógnvænleg spjöll vegna vatnsaflsvirkjana en sjaldan læra menn af mistökunum. Við **getum** lært af þeim, getum lært að vinna fyrir okkur öðruvísi en að hafa af því atvinnu að ráðast á náttúru landsins, spilla henni og spilla fyrir öðrum. Hugmyndir að virkjunum í Skagafirði, Skaftártungu, Hverfisfljóti og Djúpa vekja mikinn ugg. Allar ættu þær að fara í verndarflokk vegna jarðminja og einstakra náttúrugæða og hlutdeildar í vistkerfum á landi og í sjó.



Við Hólmsárlón og Skaftá. Er æskilegt að eyða svona landi?





©Guðmundur Páll Ólafsson

Foss í Skaftá. Aurburður jökulvatna er mikilvægur fyrir strandsjó. Þorskur og fleiri tegunda nytjafiska hrygna fyrir framán ósa allra jökulvatna landsins. Stærstu hrygningarstofnar þorsks tengjast jökulhlaupum.



©Guðmundur Páll Ólafsson

Skaftá og Syðri-Ófæra



©Guðmundur Páll Ólafsson

Hólmsárlón. Hugmynd um uppistöðulón.



©Guðmundur Páll Ólafsson

Brytalækir – uppsprettur Hólmsár

Jarðhitavirkjanir á Íslandi hafa verið með eindæmum sóðalegar framkvæmdir. Gífurleg verðmæti hafa farið forgöðrum vegna óvandaðs undirbúnings, hamagangs við virkjanir og virðingarleysis gagnvart náttúru og almenningi. Hengilssvæðið og Þeistareykir eru meðal verstu dæma og víti til varnar en á Reykjanesi er slóðin víða og engin vísbending er um að jarðhitavirkjanamenn ætli að taka sig á. Þeir byrja jafnan á því að eyðileggja eins mikið og unnt er til að lækka verðgildi svæðisins og tryggja sér það. Í öðru lagi er nýting orkunnar afar léleg. Í þriðja lagi er ekki vitað um neina háhitavirkjun sem er sjálfbær. Miklu meira er tekið úr jarðhitageymum en endurnýjast. Í fjórða lagi er frágangur á affalli frá borunum og vinnslu ekki ásættanlegur.



Affall á Þeistareykjum. Fádæma sóðaskapur og sinnuleysi. ©gpó

Á Þeistareykjum er affalli dælt í kvos á rekhryggnum og á þannig greiða leið í grunnvatn. Með þessu athæfi er grunnvatnsstraumur mengaður afar hættulegum efnum. Líklega fer sá straumur niður í Kelduhverfi, ef til vill Húsavíkur, en ekki er nægileg þekking á streymi grunnvatns fyrir hendi. Hitt er þekkt frá Mývatni að affallsvatn við Bjarnarflag var talið þynnast svo að það yrði skaðlaust og taka langan tíma að streyma til Mývatns. Raunin varð allt önnur og nú er Grjótagjá menguð og affallið streymir miklu hraðar til Mývatns en menn giskudu á. Virkjun í Námafjalli er beinlínis tilræði við Mývatn og Laxá jafnvel þótt niðurdæling færi fram vegna þess að landið er á rekás og jarðlög haggast. Engin trygging er fyrir því að borholur, affallsholur, haldi.

Vitað er að allt grunnvatn frá Bjarnarflagi, Námafjalli og Hverarönd fer til Mývatns og þetta vissi stjórn Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn, RAMÝ. Á sínum tíma setti stjórnin sig á móti virkjunum í Bjarnarflagi og Námafjalli vegna þessa svo og hækkunar stíflu í Laxá. Sveitastjórn Mývatnssveitar brást hin versta við og stjórnvöld ákváðu að minnka verndarsvæði Mývatns og Laxár um 95%, settu formann RAMÝ af og ráku stjórnina nokkru síðar. Með ofbeldi hvöttu stjórnvöld sveitastjórn Mývatnssveitar til virkjana í Námafjalli. Öll varúð þótti vítaverð.

Þessi saga er rifjuð upp til að minna á ofbeldi undanfarinna áratuga þar sem verið var að véla var eitt dýrmætasta náttúrugræmi landsins. Ég hvet verkstjórn rammaáætlunar til að vinna betur en hér er sagt frá og stöðva öll ósjálfbær áform um. Eflaust kemur sú tíð að unnt verði að virkja sómasamlega á örfáum stöðum á láglandi en það er langt í land með það. Mikið er ólært í tækni og umgengni við stórkostlegar auðlindir og á meðan svo er má ekki að vaða í framkvæmdir af offorsi eins og tíðkast hefur. Því legg ég til að allir virkjanakostir sem lent hafa í biðflokki eða nýtingarflokk fari í verndarflokk.



Efnistökur vegna borana á Þeistareykjum. ©gpó



©gpó



Á Þeistareykjum. ©gpó



„Borpallur“ á Þeistareykjum. ©gpó



Jarðhiti á Þeistareykjum. ©gpó

Þeistareykir eru náttúruundur á rekhyggnum. Jarðhitavatnið er ættað úr Vatnajökli og ásamt Gjástykki væri þetta svæði stórkostlegt anddyri að rekhyggnum í Þingeyjarsýslu. Slík nýting væri sjálfbær og í anda þeirra Þingeyinga, ekki síst Mývetninga, sem stóðu lengi vörð um náttúrugæði sýslunnar.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Páll Ólafsson
020641-3989
náttúrufræðingur og rithöfundur
Neskinn 1,
340 Stykkishólmi